



# HRUNAMANNAHREPPUR

## 19. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR

### KJÖRTÍMABILIÐ 2018 – 2022 12. FUNDUR ÁRSINS

### VAR HALDINN FIMMTUDAGINN 5. DESEMBER 2019

### KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2019, þann 5. desember kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14:00 í Ráðhúsi sveitarfélagsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Halldóra Hjörleifsdóttir, Sigurður Sigurjónsson, Kolbrún Haraldsdóttir, Bjarney Vignisdóttir, Jón Bjarnason og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Halldóra Hjörleifsdóttir setti fund og stjórnaði honum. Hún bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar

#### **Erindi til sveitarstjórnar:**

#### **1. Gjaldskrá fyrir íþróttahús og sundlaug 2020.**

Oddviti lagði fram að nýju tillögu að gjaldskrá fyrir sundlaug og íþróttahús en málinu var frestað á síðasta fundi sveitarstjórnar. Í tillögunni var gert ráð fyrir að stök gjöld hækki um 6%, kort fyrir fullorðna hækki um 2,8% en kort fyrir börn hækki ekki. Aðrar hækkningar eru um 2,8% nema leiga á íþróttasal verður óbreytt milli ára. Gjaldskráin hefur verið tekin fyrir hjá lýðheilsu- og æskulýðsnefnd og ungmennaráði þar sem lagðar voru til ákveðnar breytingar. Sveitarstjórn samþykkir fyrir utan fyrri breytingar þá verði gjaldfrjálst fyrir börn í sundlaug og íþróttahús fram að 10 ára aldri. Þá er einnig skilgreint betur gjaldfrelsi og aðgangsstýringar vegna barna í tækjasal og íþróttahús. Sveitarstjórn samþykkir gjaldskrána eins og hún liggur nú fyrir og að breytingar taki gildi 1. janúar 2020.

#### **2. Hrunaljós: Gjaldskrá og ljósleiðaraframkvæmdir á Flúðum.**

Oddviti fór yfir stöðuna varðandi ljósleiðaravæðingu í þéttbýlinu á Flúðum. Fram kom að enginn svaraði auglýsingu þar sem auglýst var eftir áhugasömum aðilum um ljósleiðaravæðingu Flúða og búið er lauslega að kostnaðarmeta verkefnið. Fyrir liggja drög að breytingum á gjaldskrá Hrunaljóss og fjárhagsáætlun fyrir árið 2020 ef gert yrði ráð fyrir að Hrunaljós færi í að leggja ljósleiðara í þéttbýlinu á Flúðum. Veitustjórn hefur tekið málið fyrir og lagt til frekari gagnaöflun. Sveitarstjórn telur nauðsynlegt að þéttbýlið verði ljósleiðaravætt sem fyrst og að Hrunaljós taki verkefnið að sér á grundvelli frekari gagnaöflunar og að næg þátttaka verði í verkefninu.

#### **3. Fjárhagsáætlun 2020-2023. (Seinni umræða)**

Lagt var fram minnisblað um breytingar á fjárhagsáætlun 2020-2023 milli 1. og 2. umræðu. Sveitarstjóri fór yfir breytingar á áætlun ársins 2020 sem snerta gjaldaáætlun fjárhagsáætlunarinnar en þær leiða til þess að niðurstaða fjárhagsáætlunarinnar breytist milli umræðna. Aðal breytingin er sú að gert er ráð fyrir minni verðbólgu á árinu 2020 og að veita meira fjármagni til Lækjargarðsins vegna heilsueflandi samfélags og meiri framkvæmda í leikskólanum Undralandi.

Helstu niðurstöðutölur fyrir árið 2020 verða því þessar:

Rekstrarniðurstaða A hluta jákvæð um kr. 37.558.000.

Rekstrarniðurstaða A og B hluta jákvæð um kr. 49.011.000.

Veltufé frá rekstri kr. 129.695.000.

Heildareignir A. hluta kr. 1.398.720.000.

Heildareignir A og B. hluta kr. 1.596.400.000.

Heildarskuldir og skuldbindingar A hluti kr. 647.546.000.

Heildarskuldir og skuldbindingar A og B hluta kr. 834.199.000.

Eigið fé A hluta kr. 751.174.000.

Eigið fé A og B hluta kr. 762.201.000.

Skuldahlutfall 68% af heildartekjum.

Gert er ráð fyrir nettófjárfestingum í eignasjóði að fjárhæð kr. 92,0 millj. í áætluninni, þar af kr. 30. millj. vegna menningarmála, kr. 8 millj. í umferðar- og samgöngumál, kr. 22 millj. vegna æskulýðs- og íþróttamála og kr. 9 millj. vegna sameiginlegs kostnaðar. Þá er gert ráð fyrir nettófjárfestingu í fráveitu að fjárhæð kr. 9 millj. í vatnsveitu 10 millj., í hitaveitu 12 millj. og jákvæður nettókostnaður

vegna ljósleiðara kr. 8. millj. Gert er ráð fyrir lántöku að fjárhæð kr. 50 millj. í áætluninni. Vísað er að öðru leyti til framlagðra gagna og samþykkt frá 18. fundi sveitarstjórnar þann 7. nóvember s.l. og framlagðs minnisblaðs og annarra gagna um breytingar á fjárhagsáætlun.

Sveitarstjóri fór einnig yfir fjárhagsáætlun 2021-2023 en þar hafa ekki orðið breytingar á áætluninni milli umræðna en farið var yfir helstu forsendur hennar á síðasta fundi sveitarstjórnar þann 7. nóvember s.l. Vísað er til framlagðra gagna en þar er m.a. gert ráð fyrir svipuðum rekstri og fjárfestingum og í fjárhagsáætlun 2020.

Fulltrúar D-lista finnst hart að þurfa að taka lán fyrir endurbótum og ítrekum þá skoðun okkar að það þurfi að hafa varann á með lántökum. Einnig hefði verið æskilegt að fulltrúar frá D-listanum hefðu fengið að taka þátt í vinnu við gerð framkvæmdaáætlunar fyrir árið 2020.

Sveitarstjórn samþykkir þær breytingar sem hafa verið gerðar milli umræðna og samþykkir fjárhagsáætlun 2020-2023 samhljóða.

4. **Landgræðslan: Beiðni um styrk vegna Bændur græða landið 2019.**  
Oddviti kynnti beiðni um styrk frá landgræðslunni vegna Bændur græða landið fyrir árið. Sveitarstjórn samþykkir að veita umbeðinn styrk að fjárhæð kr. 50.000.
5. **Héraðsskjalasafn Árnesinga: Þjónustusamningur við Hrunamannahrepp um persónuverndarfulltrúa.**  
Oddviti kynnti drög að þjónustusamningi milli Héraðsskjalasafns Árnesinga og Hrunamannahrepps um þjónustu persónuverndarfulltrúa fyrir sveitarfélagið. Sveitarstjórn samþykkir samninginn og felur sveitarstjóra að undirrita hann.
6. **Íslenska Gámafélagið: Samningur um móttöku á almennum blönduðum úrgangi til orkuendurvinnslu.**  
Oddviti kynnti drög að samningi um móttöku á almennum blönduðum úrgangi til orkuendurvinnslu við Íslenska gámafélagið. Samningurinn tekur gildi við undirritun og er ótímabundinn og uppsegjanlegur af hálfu beggja aðila með 6 mánaða fyrirvara. Sveitarstjórn samþykkir samninginn og felur sveitarstjóra að undirrita hann.
7. **Samstarf um heilsueflandi samfélag.**  
Oddviti kynnti mögulegt samstarf milli sveitarfélaganna Hrunamannahrepps, Bláskógabyggðar, Grímsnes- og Grafningshrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps um verkefni tengd heilsueflandi samfélagi. Rætt hefur verið um að sveitarfélögin sameinist um verkefnisstjóra til eins árs þannig að hvert sveitarfélagið væri með 25% starfshlutfall og hann hefði starfsstöð í hverju sveitarfélagi fyrir sig. Sveitarstjórn samþykkir að taka þátt í verkefninu.
8. **Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum.**  
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis um frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum (fjöldi fulltrúa í sveitarstjórn).
9. **Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga og sveitarstjórnarlögum.**  
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga og sveitarstjórnarlögum.
10. **Umhverfis- og auðlindaráðuneytið: Umsagnarbeiðni um drög á reglugerð um mat á umhverfisáhrifum og reglugerð um framkvæmdaleyfi. Samráðsgátt.**  
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu um drög á reglugerð um mat á umhverfisáhrifum og reglugerð um framkvæmdaleyfi. Sveitarstjórn tekur undir álit Sambands íslenskra sveitarfélaga í málinu.
11. **Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um lyfjalög.**  
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá frá velferðarnefnd Alþingis um frumvarp til laga um lyfjalög.
12. **Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um almannatryggingar almennar íbúðir.**  
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá frá velferðarnefnd Alþingis um frumvarp til laga um almannatryggingar almennar íbúða.

13. **Velferðarnefnd Alþingis: umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um Húsnæðis- og mannvirkjastofnun.**  
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá velferðarnefnd Alþingis um frumvarp til laga um Húsnæðis- og mannvirkjastofnun.
14. **Velferðarnefnd Alþingis: umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um ávana- og fíkniefni.**  
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá velferðarnefnd Alþingis um frumvarp til laga um ávana- og fíkniefni.
15. **Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta.**  
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis um frumvarp til laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta.
16. **Næsti fundur sveitarstjórnar**  
Sveitarstjórn samþykkir að næsti fundur sveitarstjórnar verði fimmtudaginn 9. janúar nk. kl. 14:00 í ráðhúsi Hrunamannahrepps á Flúðum.

#### **Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:**

17. **Heilsueflandi samfélag: Fundargerð 4. fundar stýrihóps frá 17. september s.l.**  
Oddviti lagði fram til kynningar fundargerð 4. fundar stýrihópsins. Þar var farið yfir niðurstöður þarfagreiningar og rætt um forgangsröðun. Farið yfir hugmyndir að göngu- og skokkbrautum, leiksvæði í norðurbænum, sleðabraut í Högnastaðaás, uppsetningu vatnspósta, fjallað um hreyfihópa o.fl.
18. **Öldungaráð: Fundargerð 15. fundar frá 18. nóvember s.l.**  
Oddviti lagði fram til kynningar fundargerð 15. fundar öldungaráðs. Fjallað var um efni síðasta fundar, stöðu beiðni um afslátt við garðslátt og hirðingu lóða og vegriðarmál við Heimaland. Sagt var frá öldungaráði Ölfuss og stefnt er að því að hitta þau. Fjallað um lyftu í Heimalandi og rætt um fundarskóp. Sveitarstjórn upplýsir að mál varðandi garðslátt o.fl sé á borði forstöðumanns Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings.
19. **Ungmennaráð Hrunamannahrepps: Fundargerð ráðsins frá 24. nóvember s.l.**  
Oddviti lagði fram til kynningar fundargerð 2. fundar ungmennaráðs. Fjallað var um fjárhagsáætlun 2020 sem snerta ungmennaráð, gjaldskrá í sundlaug og íþróttahúsi, framkvæmdaáætlun 2020 og útisvæði og tillögur tengt þessu. Þá var fjallað um skólaping sveitarfélaganna, flokkunarfræðslu fyrir grunnskóla og hugmynd um að koma á sérstakri bæjarhátíð/heilsuvíku. Þá var farið yfir vinnu í stýrihópi vegna heilsueflandi samfélags og komið með hugmyndir að verkefnum.
20. **Veitustjórn: Fundargerð 11. fundar nefndarinnar frá 2. desember s.l.**  
Oddviti lagði fram til kynningar fundargerð veitustjórnar frá 2. desember. Þar var fjallað um Hrunaljós, gjaldskrármál og ljósleiðaravæðingu innan þéttbýlisins á Flúðum, tekið fyrir erindi frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu vegna gjaldskrá vatnsveitna og rætt um reglur um lán á tækjum og áhöldum í Hitaveitu Flúða og Hrunamannahrepps. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina og þær tillögur sem lagðar eru þar fram.

#### **Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu:**

21. **Fundargerð 186. fundar skipulagsnefndar frá 13. nóvember s.l. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 6. nóvember s.l.**  
Oddviti kynnti fundargerð 186. fundar skipulagsnefndar frá 13. nóvember og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 6. nóvember.  
Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi:  
**Mál nr. 17: Efra-Langholt. Stækkun frístundasvæðis F16, aðalskipulagsbreyting.**  
Lögð var fram að lokinni auglýsingu skv. 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr.123/2010, tillaga og greinargerð Eflu dags. 15.2.2019, að breytingu á aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032. Tillagan tekur til spildu úr landi Efra-Langholts, austan Langholtsvegar, við frístundasvæðið F16. Aðkoma að svæðinu er frá Langholtsvegi nr. 341. Svæðið sem um ræðir í landi Efra-Langholts er 10 ha að stærð og er á skilgreindu landbúnaðarsvæði. Spilda þessi liggur að

þegar skipulögðu frístundasvæði úr landi Efra-Langholts, Sunnuholti og Lindarseli. Í tillögu að aðalskipulagsbreytingunni verður skilgreining á landnotkun svæðisins breytt í frístundasvæði. Þar með myndast samfella með frístundasvæðinu F16 úr landi Efra-Langholts. Tillagan hefur verið lagfærð til samræmis við athugasemdir sem bárust og einnig hefur verið tekið tillit til athugasemda Vegagerðarinnar. Skipulagsnefnd UTU mælist til að sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykki greinargerð dagsetta 15.2.2019 og uppdrátt dagsettan 15.2.2019 sem skýra breytingu á gildandi aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032, skv. 1.mgr. 36.gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagsfulltrúa er falið að senda Skipulagsstofnun tillöguna ásamt tilheyrandi gögnum til afgreiðslu í samræmi við 32. gr. skipulagslaga.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir greinargerð dagsetta 15.2.2019 og uppdrátt dagsettan 15.2.2019 sem skýra breytingu á gildandi aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032, skv. 1.mgr. 36.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og felur skipulagsfulltrúa að senda Skipulagsstofnun tillöguna ásamt tilheyrandi gögnum til afgreiðslu í samræmi við 32. gr. skipulagslaga.

**Mál nr. 20: Afgreiðslur byggingarfulltrúa.**

Lögð fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 6. nóvember.

**22. Fundargerð 187. fundar skipulagsnefndar frá 27. nóvember s.l. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 20. nóvember s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 187. fundar skipulagsnefndar frá 27. nóvember og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 27. nóvember.

Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi:

**Mál nr. 11: Afgreiðslur byggingarfulltrúa.**

Lögð fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 20. nóvember.

**23. Oddvitanefnd UTU bs: Fundargerð oddvitanefndar frá 19. nóvember s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð oddvitanefndar UTU frá 19. nóvember s.l. varðandi seyruverkefnið. Þar var fjallað um ráðningu þjónustufulltrúa seyruverkefnisins, farið yfir fjárhagsáætlun 2020, gjaldskrárbreytingar vegna Seyrustaða og rætt um fyrirkomulag á samstarfinu og kostnaðarskiptingu. Sveitarstjórn samþykkir nýja tillögu að gjaldskrá og þær tillögur sem fram komu.

**24. UTU bs: Fundargerð 69. fundar stjórnar frá 30. október s.l.**

Oddviti lagði fram til kynningar fundargerð stjórnar UTU bs. frá 30. október s.l. Þar var fjallað um trúnaðarmál, ársfund UTU og farið yfir stöðu mála varðandi ráðningu skrifstofustjóra.

**25. UTU bs: Fundargerð 70. fundar stjórnar frá 13. nóvember s.l.**

Oddviti lagði fram til kynningar fundargerð stjórnar UTU bs. frá 13. nóvember s.l. Þar var fjallað um starfsmannamál og vinnustaðgreiningu, fjárhagsáætlun 2020 og ráðningu skrifstofustjóra. Sveitarstjórn samþykkir fjárhagsáætlun 2020.

**Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:**

**a. Bergisinn bs.: Aðalfundargerð frá 23. október s.l.**

Lagt fram til kynningar.

**b. SASS: Fundargerð 550. fundar stjórnar frá 23. október s.l.**

Lagt fram til kynningar.

**c. Sorpstöð Suðurlands: Aðalfundargerð frá 25. október s.l.**

Lagt fram til kynningar.

**d. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 286. fundar stjórnar frá 23. október s.l.**

Lagt fram til kynningar.

**e. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 287. fundar stjórnar frá 13. nóvember s.l.**

Lagt fram til kynningar.

**f. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 288. fundar stjórnar frá 26. nóvember s.l.**

Lagt fram til kynningar.

**g. Skólalþjónustu- og velferðarnefnd Árneshvíls: Fundargerð 35. fundar frá 12. nóvember s.l.**

Lagt fram til kynningar.

- h. Framkvæmdaráð Almanna- og Almannavarna Árnassýslu: Fundur framkvæmdaráðs frá 27. ágúst s.l.**  
Lagt fram til kynningar.
- i. Framkvæmdaráð Almanna- og Almannavarna Árnassýslu: Fundur framkvæmdaráðs frá 26. september s.l.**  
Oddviti fór yfir breytingar sem hafa verið gerðar á samþykktum Almanna- og Almannavarna Árnassýslu. Sveitarstjórn samþykkir breytingar á samþykktum Almanna- og Almannavarna Árnassýslu og felur sveitarstjóra eða oddvita að undirrita þær.
- j. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 200. fundar stjórnar frá 12. nóvember s.l.**  
Lagt fram til kynningar.
- k. Héraðsnefnd Árnesinga: Fundargerð haustfundar frá 15. október s.l.**  
Lagt fram til kynningar.
- l. Tónlistarskóli Árnesinga: Fundargerð stjórnar frá 29. nóvember s.l.**  
Lagt fram til kynningar.

**Kynningarmál:**

- m. Saurbær-vinnsluhús: Verkfundagerðir númer 1 til 4.**  
Lagt fram til kynningar.
- n. Landform: Minnisblað vegna blágrænna ofanvatnalausna í Gröf.**  
Lagt fram til kynningar.
- o. Mennta- og menningarráðuneytið: Skólaakstur.**  
Lagt fram til kynningar.
- p. Ferðamálastofa: Áfangastaðastofur.**  
Lagt fram til kynningar.
- q. Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita: Endurskoðun aðalskipulags Skeiða og Gnúpverjahrepps.**  
Lagt fram til kynningar.
- r. Heilbrigðisráðuneytið: Heilbrigðisráðherra settur sem umhverfis- og auðlindaráðherra vegna friðlýsingar í Kerlingarfjöllum.**  
Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 16.00